

**22. fundur Skipulags, bygginga, umhverfis og samgöngunefndar haldinn  
Fundarsalur Álftavers,  
miðvikudaginn 20. október 2021, kl. 16:30.**

**Fundinn sátu:**

Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Samúel Kristjánsson, Valgeir Scott, Þorbergur Kjartansson, Bragi Þór Thoroddsen og Jóhann Birkir Helgason.

**Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason, .**

**1. Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2019-2030, breyting - 2110005**

Tekin fyrir breyting á Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2019-2030, annars er um að ræða stækkun á landfyllingu iðnaðarsvæðis fyrir kalkþörungaverksmiðju og hins vegar breytt landnotkun við Ákabúð.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að ræða við Vegagerðina um breytingu á Ákabúð yfir í íbúðarhúsnæði en án frekari uppbyggingar á svæðinu.*

*Samþykkt*

**2. Deiliskipulagsbreyting - iðnaðarsvæði inn af Langeyri - 2109006**

Tekin fyrir greinargerð ásamt umhverfisskýrslu og uppdráttur vegna tillögu að breytingu á iðnaðarsvæði inn af Langeyri.

Markmið breytingarinnar er að stækka landfyllingu fyrir hráefnissvæði til suðurs á lóð nr. 1 svo hægt sé að koma fyrir á svæðinu hráefnisþróum. Þeim er ætlað að koma í veg fyrir að grugg berist til sjávar.

*Lagt fram til kynningar.*

*Samþykkt*

**3. Girðing í Inndjúpi - Hörgshlíð að Eyri í Ísafirði - 2109005**

Tekið fyrir að nýju erindi frá Marínó Hákonarsyni er varðar girðingu frá Hörgshlíð að Eyri í Ísafirði, erindið var áður á dagskrá 8. september sl.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd felur sveitarstjóra að skoða hvort hægt sé að sækja um styrk í verkefnið.*

*Samþykkt*

Samúel Kristjánsson vísar af fundi

**4. Trjágróður í Þéttbýli - 2109007**

Tekið fyrir erindi frá Samúel Kristjánssyni er varðar Aspir við Álfabyggð.

Óskað er eftir að verði fjarlægðar eða lækkaðar.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir að lækka trén niður í 2-3*

. fundur Skipulags, bygginga, umhverfis og samgöngunefndar  
20.10.2021

*metra hæð.*

Samúel kemur inn á fundinn

**5. Raggagarður, frisbí golf - 2109010**

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Raggagarði í Súðavík dags. 24. september 2021 er varðar samstarfsverkefni Ungmennafélagsins Geisla og Raggagarðs um frisbí golfvöll.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd fagnar erindinu og sér því ekkert til fyrirstöðu að frisbí völlur verði settur upp á landi hreppsins við Raggagarð.*

*Samþykkt*

**6. Byggingarleyfi fyrir vinnuskúr í Fólafæti - 2110006**

Tekin fyrir umsókn frá Byrni Oddsyni dags. 10. október 2021 er varðar byggingarleyfi fyrir lítið hús á lóðinni við Vébjarnarstaði í Fólafæti.

Meðfylgjandi umsókn er afstöðumynd af fyrirhuguðu húsi.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd heimilar byggingu fyrir allt að 40 fermetra byggingu en bendir á að skila þarf inn byggingarnefndarteikningum áður byggingarleyfi verður veitt.*

*Samþykkt*

**7. Langeyrarvegur 21, umsókn um lóð - 2110008**

Tekinn fyrir lóðaumsókn frá Jónþór Eiríkssyni dags. 19. október 2021 fyrir hönd Amen ehf. þar sem sótt er um lóðina við Langeyrarveg 21.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að Amen ehf. fái lóðina við Langeyrarveg 21.*

*Samþykkt*


**8. Aðalskipulag Reykhólahrepps 2021-2033 - 2110010**

Tekið fyrir erindi frá Ingibjörgu Birnu Erlingsdóttur, sveitarstjóra Reykhólahrepps þar sem óskað er umsagnar um vinnslutillögu fyrir Aðalskipulag Reykhólahrepps 2021-2033, umögn óskast fyrir 20. nóvember 2021.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd gerir ekki athugasemd við vinnslutillögu fyrir Aðalskipulag Reykhólahrepps 2021-2033.*


Fundi slitið kl. .


  
Anna Lind Ragnarsdóttir


  
Hulda Gunnarsdóttir


. fundur Skipulags, bygginga, umhverfis og samgöngunefndar  
20.10.2021

  
Samúel Kristjánsson

  
Valgeir Scott

  
Þorbergur Kjartansson

  
Braut Þór Thoroddson

  
Jóhann Birkir Helgason